

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld og þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum bandalagsins á framfæri.

Tímabundin lækkun almenns tryggingjalds í 4,65%

Breytingin er í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar í tengslum við mat á forsendum kjarasamninga á almennum markaði í september síðast liðnum. Af þeim sökum leggst BSRB ekki gegn breytingunni. Hins vegar telur BSRB varhugavert að verið sé að lækka almennt tryggingagjald úr 4,9% í 4,65% á sama tíma og útgjöld vegna fæðingarorlofs eru að aukast vegna lengingar þess í 10 mánuði á yfirstandi ári og 12 mánuði á því næsta. Tryggingagjaldið hefur verið lækkað umtalsvert síðustu árin og því er mikilvægt að sú tímabundna lækkun sem frumvarpið kveður á um verði ekki framlengd síðar.

Aukin skattaívilnun vegna tekna af kaupréttum á hlutabréfum

Í dag má, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, skattleggja allt að 600.000 kr. af verðgildi slíkra kaupréttanna við sölu sem fjármagnstekjur en ekki launatekjur. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sú fjárhæð verði hækkuð í 1.500.000 kr. BSRB leggst gegn því að veittar séu frekari skattaívilnanir vegna tekna af kaupréttum starfsmanna.

Vörugjald af húsbílum

Af skýringum í greinagerð með frumvarpinu má ráða að losun húsbíla sé það mikil að veita þurfi sérstakan tímabundinn afslátt af vörugjöldum á þá. BSRB telur að sú undanþága sem verið er að framlengja með 13. grein frumvarpsins sé ekki í samræmi við Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Greiðsla á lágmarki bifreiðargjalds vegna þungra hreinorkuökutækja

Með 12. grein frumvarpsins er verið að víkka heimildir fyrir niðurfellingu vörugjalds á sendibifreiðar og önnur ökutæki til vöruflutninga í atvinnuskyni sem eingöngu eru knúnar metani, metanóli, rafmagni eða vetni. Það er í samræmi við markmið stjórnvalda um að draga úr losun. BSRB telur varhugavert að veita slíkum bifreiðum einnig afslátt á bifreiðagjöldum eins og lagt er til 14. grein frumvarpsins. Rannsóknir sýna að áhrif af sköttum á öflun ökutækja eru mun meiri en af t.d. bifreiðagjöldum þegar kemur að vali á bifreið til kaupa.¹ Skattaívilnanir vegna öflunar hreinorkubifreiða sem og tenging fjárhæðar bifreiðargjalds við losun hafa haft

¹ Nordic EV Outlook 2018. Insight from leaders in electric mobility. OECD/IEA.



Þann mikilvæga tilgang að draga smám saman úr losun frá vegasamgöngum en hafa einnig haft neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs. BSRB leggst því gegn því að lengra verði gengið, ekki síst vegna þess að bifreiðagjöldin hafa ekki afgerandi áhrif á val við öflun bifreiða, og telur eðlilegt að bifreiðar yfir 3.500 kg greiði áfram bifreiðagjald til samræmis við þyngd sína.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading "Sigr. Ingibj. Ingad.", written in a cursive style.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur